



Starfsfólk heilsugæslustöðvarinnar á Hellu.

Heilsugæslustöðin á Hellu opnuð eftir endurbætur

Fimmtudaginn 18. september sl. var formleg opnun á nýju og endurbættu húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Hellu. Endurbæturnar sem staðið hafa yfir frá miðjum desember 2013 gjörbreyta starfsumhverfi stöðvarinnar. Um 150 manns mættu á opnunina en þar var jafnframt sýning á veggspjöldum sem gerð voru í tilefni 10 ára

afmælis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Við þetta tækifæri færði Rauðakrossdeild Rangárvallasýslu heilsugæslustöðinni hjartahnoðtæki að verðmæti um 2 milljónir króna að gjöf. Gjöfin var til minningar um Einar Erlendsson sjúkraflutningamann. Kvenfélag Odda-kirkju gaf eymaskolunartæki að verðmæti 75.000 kr.

-ög



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra skoðaði Kirkjuhvol

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra heimsótti dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjuhvol sl. mánudag. Sveitarfélagið Rangárþing eystra hefur sótt um styrk í sjóðinn vegna uppbyggingar við Kirkjuhvol en brýn þörf er á stærra og betra rými þar sem núverandi aðstaða og

aðbúnaður í eldri álmu heimilisins hentar alls ekki starfsemi. Sveitarstjóri, oddviti, skipulags- og byggingarfulltrúi og hjúkrunarforstjóri Kirkjuhvols tóku á móti hópnum, fóru yfir umsóknina og síðan gekk hópurinn um Kirkjuhvol og skoðaði aðstæður

-ög



Hreyfivika - Move Week 29. sept. – 5. okt.

Hreyfivikan „Move Week“ verður haldin dagana 29. september til 5. október nk. Hreyfivikan er almenningss-íþróttaverkefni á vegum Ungmennafélags Íslands og hluti af alþjóðlegri herferð. Boðið verður upp á fjölda viðburða og tækifæra fyrir fólk til að kynna sér hreyfingu sér til heilsubóta. Á Suðurlandi verður ýmislegt heilsutengt í boði í Árborg, Ölfusi og Hveragerði. Má þar nefna sundleikfimi, gönguferðir, boccia og ýmsar fleiri íþróttir. Þá verða einnig ýmis tilboð hjá líkamsræktarstöðvum og verslunum.

-ög



Opinn kynningarfundur um Eldfjallamiðstöðina

Opinn kynningarfundur fyrir íbúa og ferðafjönumustuaðila í Rangárþingi eystra um fyrirhugaða Eldfjallamiðstöð verður haldinn í Hvolnum, Hvolsvelli mánudaginn 29. sept. kl. 20:00. Þar munu Basalt Arkitektar kynna fyrstu hugmyndir að útliti Eldfjallamiðstöðvarinnar. Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri, og Sigmar Vilhjálmsson, markaðsstjóri og einn af stofnendum verkefnisins, munu síðan kynna Eldfjallamiðstöðina og svara fyrirspurnum úr sal.

Byrjaði í sælgætissölunni

Íþróttafélagið Milan á Selfossi hóf keppni á Íslandsmótinu í handknattleik karla í 1. deild í fyrsta sinn sl. laugardag er liðið lék í Vallaskóla við Hamrana frá Akureyri. Liðsmenn Milu tóku sig vel út í nýjum grænum búningum og hófu einbeittir leik. Eftir smá brekku í fyrri hálfleik tókst Milumönnum að rétta sinn hlut og voru tveimur mörkum yfir í hálfleik (9:7). Í síðari hálfleik sýndu reynsluboltarnir hvað þeir geta og Milan vann góðan sigur 21:15 í fyrsta leik.

Atli Kristinsson, skærasta stjarna

liðsins, var fjarri góðu gamni í leiknum. Hann var þó ekki langt undan því hann var settur í sælgætissöluna að selja kaffi og Prins. Ástæðan fyrir þessu var að Atli þurfi að taka út leikbann sem hann fékk í síðasta leik Íslandsmótsins í fyrra. Hann mætir tvíefldur í næsta leik sem er gegn ÍH í Kaplakrika föstudaginn 26. september kl. 20:15.

-ög.

Atli Kristinsson tók sig vel út í græna búningnum í sælgætissölunni.
Ljósmynd: ÖG



Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA

Selfossi · Sími 699 1985 · 772 2142

Verslun · Raflagnir Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Neyðarsími 660 1160



Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160 · www.arvirkinn.is

ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT

HAUSTSPRENGJA

Tilboð á ZE-ZE[®] og zhenzi[®] vörum
CONCEPT WOMENS WEAR

Buxur - Peysur Bolir - Kjólar

Gerið frábær kaup

LINDIN

TÍSKUVERSLUN
 Eyravegí 29 · Selfossi · Sími 482 1800

ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT ÓDÝRT

Knattspyrnuslútt
 BALLIÐ 2014
 SÁLIN HANS JÓNS MÍNS 27. SEPT

ATH. OPÐ UPP Á FORSETBARINN

HÚSIÐ OPNAR KL. 00:00 FYRIR ALMENNING!

HAMBORGARA
Bullan

Eyravegí 32, Selfossi
 Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
 London - Berlín - Kaupmannahöfn

2 fyrir 1 af jökulköldum af
 krana og Mojito
 21:00 - 23:00 allar helgar.

Bar-stemning alla helgina.
 Frítt inn.

BAR

SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI
 Eyravegí 2, Selfossi

FRÓN

heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Fróken Frón opnar dyrnar kl. 21:00
 öll kvöld og Frón býður upp á 6 í fötu
 af Thule, Carlsberg og Garage á
 3.000

Fimmtudagur
 BJÓRbingó með Sígga Sól hefst kl
 22:00! Glæsilegir vinningar eins og
 vanalega - ekki missa af þessu!
 Spjald og iskaldur á 1.000.-

Föstudagur
 Eyþór Jóns a.k.a Kletturinn þeytir
 skífum. Gamalt og gott í bland við
 það nýjasta! Einfaldur í gos á 1.000
 alla nóttina.

Laugardagur
 Kiddi Ghozt hinn sunnlenski sjarmör
 spilar töfrandi tóna og Frón býður
 þér töfrateppi á 1.000 alla nóttina.
 Komdu út að dansa!

Boltinn í beinni - Rizzopizzur, Lúxus-
 Nachos og Boltabjór!

Laugardagur
 11:35 Liverpool - Everton
 13:50 Chelsea - Aston Villa
 Man. United - West Ham United
 16:20 Arsenal - Tottenham

Þriðjudagur
 18:30 Sporting - Chelsea
 Manchester City - Roma

Miðvikudagur
 18:30 Basel - Liverpool
 Arsenal - Galatasaray

Boltinn í beinni

fron@fronclub.is / Eyravegí 35 / 800 selfoss

1. deild karla

Toppslagur í Vallaskóla!
Selfoss - Víkingur

Íþróttahúsi Vallaskóla
 Föstudaginn 26. september
 klukkan 20:00

errea Áfram Selfoss!

Selfoss - Valur

Laugardaginn 27. september kl. 14:00

Stelpurnar bjóða aðdáendum sínum frítt á völinn!
 Takk fyrir frábæran stuðning í sumar!

Munum eftir endurskinsmerkjunum

Forvarnahópur Árborgar vill minna alla á
 mikilvægi þess að vera með
 endurskinsmerki núna þegar dimmir fyrr á
 daginn. Þetta á jafnt við um börn og
 fullorðna.

Forvarnahópur Árborgar

Körfubolti stelpur 6-11 ára

Næsta föstudag, 26. september, verður opin körfuboltaæfing á
 vegum Körfuknattleiksfélags FSu í Iðu. Æfingin er fyrir
 allar stelpur á aldrinum 6-11 ára. Æfingin stendur frá kl. 16:10 til
 kl. 17:00. Farið verður í leiki, skotkeppnir, spilað og margt fleira.
 Ís í boði fyrir allar.

Andaregg beint úr sveitinni!

Andaregg, landnámshænu egg og kornhænu egg
 Óskorið beikon, hrossabjúgu og broddur

Munið líka:
 Úrval af lífrænum ávöxtum í lausu
 Klettasalat, spinat og eikarlauf ...

Fjallkonan sælkerahús
 Austurvegi 21, Selfossi - Sími 482 2028

WWW.SELFOSSBIO.IS

SelfossBíó

KVÍKMYNDAHÚS

SÍMI: 517 7000

SÝNINGAPLAN	25. SEPT	26. SEPT	27. SEPT	28. SEPT	29. SEPT	30. SEPT	1. OKT
TÓFRAHÚSIÐ - ÍSL. TAL	18:00		11:00, 13:00 15:00	11:00, 13:00 15:00			
AFINN		18:00, 20:00	19:30	17:00, 19:30	18:00	18:00	18:00
THE EQUALIZER		22:20	22:00	22:00	20:00	22:20	
IF I STAY	20:00					20:00	
THE MAZE RUNNER	22:20		17:00				22:20
A WALK AMONG THE TOMBSTONES					22:20 LOKASÝNING		
PARÍS NORDURSINS							20:00 LOKASÝNING

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING





Nýjar vörur frá Lee og iittala.

Verið velkomin.

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is



Eyravegi 25, Selfossi

Ljósritun Gormun

Ferðapjónustan Minniborgir

Boltinn í beinni

Gisting og veitingar

Veitingahúsið okkar verður opið í allan vetur.

Villibráðar- og jólahlaðborð.

Uppl. á www.minniborgir.is og í síma 486 1500

Kertaljós og Kósýheit

Án eldhættu eða óþæginda

Höfum hafið sölu á Logalausum kertum úr ekta kertavaxi sem gerir þau mjög raunveruleg og gefa fallega kertaljósastemmingu án óþæginda sem geta fylgt raunverulegum kertum eins og sót, hita og bráðið kertavax. Að auki er engin brunahætta af logalausum kertunum og eru þau því mun öruggari en venjuleg kerti.

Logalaus kerti eru tilvalin í sumarbústaðinn, heima og á stofnanir. Það má setja þau hvar sem er, enda stafa engin eldhætta af kertunum og þau skilja ekkert sót eftir sig, þar af leiðandi eru þau tilvalin t.d. í kertaluktir. Á kertunum er timarofi sem eingöngu þarf að stilla einu sinni og kveikja þau á sér sjálfvirk á sama tíma eftir það og því henta þau vel t.d. í hillur sem eru hátt uppi eða inni í kertaluktum.

Hægt er að skoða úrvalið af kertum og panta á heima- síðu okkar www.bismagg.is

Nánari upplýsingar í síma 893-6865

BisMagg

www.bismagg.is

Sími 893-6865

Facebook: www.facebook.com/logalauskerti

Logalaus kerti úr ekta kertavaxi

Ekkert bráðið kertavax

Engin eldhætta

Engin mengun

Enginn reykur

Ekkert sót

Enginn hiti

Barnvæn

Gæludýravæn

Nesey ehf. með lægsta tilboði í uppbyggingu gámasvæðis

Útboð á uppbyggingu gámasvæðis ásamt vegi að svæðinu sunnan Árneshverfis í Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru opnuð 10. september síðastliðinn. Nesey ehf. átti lægsta tilboð upp á 14 milljónir króna eða 85,2% af kostnaðaráætlun verksins. Verklok eru áætluð 1. desember 2014. Á fundi sveitarstjórnar var samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Nesey ehf. um verkið. Sveitarstjóra var jafnframt falið að undirrita samning um verkið fyrir hönd sveitarfélagsins.



MND félagið á Íslandi

Fundur um:

Notkun spjaldtölva til samskipta og talmein almennt - Mögulegar lausnir

MND félagið býður öllum áhugasömum til fundar á Hótel Selfossi fimmtudaginn 2. október.

Kl. 10:00 - 12:00

Sigrún Jóhannsdóttir frá TMF mun fjalla um mögulegar lausnir. Tækni til tjáskipta – möguleikar í spjaldtölvum og PC tölvum til að skrifa, tala og lesa.

Kl. 12:00 - 14:00

Hádegishlé. Tilvalið að fá sér eitthvað gott á hótelinu. (EKKI innifalið)

Kl. 14:00 - 15:00

Dr. Sigríður Magnúsdóttir talmeinafræðingur, segir frá sínu sérsviði, kyngingu, raddböndum, þind og þeim úrræðum sem til eru.

Kl. 15:00 - 16:00 Kaffi og spjall.

Allir áhugasamir eru velkomnir. Á annan eða báða fyrirlestrana. Til að tryggja sér pláss verður að skrá sig. Sendið nafn, e-mail og heimili á mnd@mnd.is og segið hvorn fyrirlesturinn þið mætið á eða báða.

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS, en tekið við framlögum á staðnum.



PÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG

VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

HANKOOK



Ventus K115

HANKOOK



Kynergy

HANKOOK



Dynapro



Nánari upplýsingar

www.solning.is



SÓLNING

Renndu við

Smíðjuvegi 68-72, Rvk | Hjalbraut 4, Hfj | Ríttjara 12, Njarðvík | Eyrarvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2



Ýma tröllastelpa á erindi við alla

Bókin um Ýmu tröllastelpu, *Ég vil fá að vera ég sjálf*, er ætluð öllum börnum í 1. bekk grunnskóla á Íslandi. Hún er gefin út af Prentmeti ehf. í samstarfi við Olweusarverkefnið gegn einelti. Bókin er gjöf frá Prentmeti og er nú gefin í alla skóla landsins tólfta árið í röð. Höfundur bókarinnar er Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir, annar eigenda og starfandi stjórnarformaður Prentmets.

Börn eiga að fá að vera þau sjálf

„Ýmu langar ekki í skólann, en vill ekki segja af hverju,“ segir Þorlákur H. Helgason, framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins. „Krakkarnir sem eru að byrja í skólanum skilja fljótt í hvaða stöðu Ýma er og því er



Þorlákur H. Helgason, framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins.

bókin um Ýmu kærkomin í skólafundum til þeirra og upplögð fyrir kennara til að vekja nemendur til umhugsunar. Það er svo mikilvægt að öll börn þori og eigi að fá að vera þau sjálf.“

Þorlákur sagði að bæknar um Ýmu kæmst í hendur allra 1. bekkinga núna á þessu hausti og væru þær teknar fyrir alls staðar á landinu. Efnið væri notað í kennslustundum eins og lífsleikni og á bekkjarfundum þar sem eineltishringurinn kæmi að góðum notum.

„Velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Efnið hjálpar nemendum að setja sig í spor annarra og er gott umræðuefni um líðan í bekknum, gott viðfangsefni um fjölmenningu og vel til þess fallið að ræða það að engir tveir eru eins.“

Þá er bókin skemmtilegt ævintýri og hægt er að lita og vinna með hana,“ sagði Þorlákur.

Öllum líði vel og búi við öryggi

Þorlákur sagði upplagt að ræða boðskap bókarinnar heima. „Það styrkir foreldra til að axla betur ábyrgð á velferð barnanna. Í bókinni eru kennsluleiðbeiningar og ráðleggingar til foreldra. Verkefnið er hugsað


sem gott samstarf á milli skóla og heimila,“ sagði Þorlákur.

„Ýma er eins konar tákn-gervingur fyrir markmið og tilgang þeirra sem berjast gegn einelti. Hún fer aðeins fram á að fá að vera hún sjálf, sama hvað aðrir segja um hana. Það getur hver sem er orðið fyrir einelti og því er mikilvægt að stuðla að umhverfi sem kemur í veg fyrir slíkt.“

Þorlákur sagði að aðferðafræði Ýmuverkefnisins og Olweusarverkefnisins ætti erindi alls staðar í samfélaginu, í skólakerfinu sem og á öðrum vinnustöðum. „Okkur þarf öllum að líða vel í umhverfi okkar og búa við öryggi svo við fáum að blómstra og náum sem bestum árangri í leik og starfi,“ sagði Þorlákur.

Fyrir þá sem vilja kynna sér efni bókarinnar má benda á heimasíðu verkefnisins www.yma.is.

-ög



Félag eldri borgara Selfossi

Stólaleikfimin byrjar laugardinn 27. september kl. 10:30 í Grænumörkinni. Námskeiðið verður í 8 skipti og kostar kr. 3.500. Nánari upplýsingar veitir Heiðrún Heiðardóttir í síma 867 3574.

Hörpukórinn

Fyrsta söngæfing verður miðvikudaginn 1. október kl. 16:00 í Grænumörk 5, Selfossi. Nýir söngfélagar velkomnir.



Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. Ritstjóri og blaðamaður: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á þriðjudögum. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvottuð prentsmíða



Gáta vikunnar

Áin streymir meðfram mér.
Á mér er hægt að búa.
Fé í skjól mín flýtir sér.
Frá mér eggjar snúa.

Svar við gátu í blaði 2261: **SKEIÐ**

Skeið í vefstól. Matskeið.

Hulstur um eggjárn kallast skeið..

Vekringur er hestur sem hefur gott yfirferðarskeið.

Sunnlenski matgæðingurinn



Sigþór Þórarinnsson minkabóndi að Þjótanda er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Ég þakka Loga minkabónda í Neðri-Dal fyrir áskorunina og ég ætla að bjóða upp á steikta gæs, finnst það upplagt því gæsa-veiðitímabilið er í hámarki. Steikt gæs þykir góður matur á mínu heimili.



Uppskrift:

Ein gæs, (oftast eldum við tvær í einu því gott er að eiga afgang og sneiða ofan á ristað brauð að morgni).

Gæsin er krydduð með salti og pipar eftir smekk, svo er hún sett í ofnpottinn og inn í 200 gráðu heitan ofninn.

Eftir hálf tíma er gæsinni snúið og steikt áfram í ca. hálf tíma í viðbót en þá er hellt yfir hana soðinu sem safnast hefur saman í pottinn.

Eftir hálf tíma í viðbót er henni snúið aftur.

Eftir 15 mín. er hellt yfir hana soðinu og aftur eftir næstu 15 mínútur. Þá eru liðnir tveir tímar og tímabært að lækka hitann í 140 gráður og setja lokið á pottinn.

Ég ætla að skora á Stein bróður minn Þórarinnsson. Honum þykir gaman að elda góðan mat og hann hefur oft boðið mér í mat og maturinn hjá honum er alltaf með eindæmum góður.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.

Þar má hún moðast í 15-20 mínútur meðan sósan er útþúin og kartöflurnar soðnar.

Sósan

5 dl vatn

1 kjúklingateningur frá Knorr
Þykkja með hveiti og láta sjóða í a.m.k. 5 mín.

Þá er rífsberjahlaup, ein stór kúfuð msk. sett út í sósun og smá sósulitur.

Síðast er rjómanum bætt í (ca. hálfur litill peli eða 120-130 ml).

Gæsin er borin á borð ásamt nýjum íslenskum kartöflum, grænum baunum og rífsberjahlaupi og auðvitað sósunni.

Anna Guðrún önnur á Íslandsmóti í CrossFit

Helgina 6. - 7. september sl. fór fram árlegt Íslandsmót masters í CrossFit (35 ára og eldri). Mótið var haldið í Sporthúsinu í Kópavogi og stóð yfir í tvo daga. Sunnlendingurinn Anna Guðrún Halldórsdóttir, frá CrossFit Hengli í Hveragerði, keppti í flokki 45-49 ára og átti ótrúlega flotta spretti á mótinu.



Anna Guðrún í keppni á mótinu.



Anna Guðrún Halldórsdóttir, frá CrossFit Hengli í Hveragerði.

Hún varð þriðja efst allra kvenna á mótinu, bæði í wodi 1 (framhnébeygja og bekkpressa) og wodi 5 þar sem hún lyfti 67,5 kg yfir höfuð sér. Einnig stakk hún aðrar af í wodi 3, svökölluðu speed shipper, þar sem náði besta tíma allra kvenna á mótinu og aðeins 5 karlar náðu betri tíma. Þessi árangur hennar á mótinu skilaði henni öðru sæti í hennar aldursflokki.



KJARNAFÆÐI HAUST 2014 SLÁTRUN

KF. Frosinn hálfur lambaskrokkur

1098 kr. kg.



HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði FERSKT LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR

798 kr. kg.



Coca-Cola

4 Coke á verði 3

148 kr. flaskan

594 kr. 4x1.5 ltr.



BONUS Grísakótilettur

1098 kr. kg.



BONUS Grísabógur

659 kr. kg.



GOTT VERÐ Í BÓNUS 100 kr. lækkun Verð áður: 1695 kr.kg

ÍSLANDS NAUT Ferskt ungnautahakk

1595 kr. kg.



Nestlé Nesquik

398 kr. 500g



KJARNAFÆÐI HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði Ferskt lambalæri af nýslátruðu

1398 kr. kg.



H-BERG Chiafræ 400g

798 kr. 400g



Haust GRAHAMSKEX WHOLE WHEAT BISCUITS

198 kr. 225g



OSRAM e-27 Classic ljósaperur 46w=60W • 57w=75W • 30w=40W

298 kr. stk.



KJARNAFÆÐI HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði Ferskur lambahryggur af nýslátruðu

1879 kr. kg.



KJARNAFÆÐI HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði Fersk lambalifur

295 kr. kg.



KJARNAFÆÐI HAUST 2014 SLÁTRUN

Kjarnafæði Fersk lambahjörtu

295 kr. kg.



TEALIGHTS

398 kr. 50 stk. **359** kr. 30 stk.

Hansa teljós 50 stk. 4 klst. brunatími: 398 kr. 30 stk. 6 klst. brunatími: 359 kr.

Föstudagur 26. september:

Innbakaður lax með gráðaosta- og sveppafyllingu.
Lambalæri ofnsteikt með Béarnaise-sósu
og steiktu grænmeti.

1.649 kr.



Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770

Erum á
Facebook

Halli Parket ehf.
894 0048

**Slípun - lögn - lökkun - olía
parket - lím - lökk - olíur**

Húsasmíðameistari með áratuga reynslu
halliparket@gmail.com



Laugardaginn 27. september nk.
verður H.F.S. með dansleik í
Hótel Örk kl. 21:30 - 01.
Harmóníkuleikarar víðs vegar
að af landinu sjá um fjörið.
Aðgangseyrir kr. 1500.
Ath. Ekki posi



Menningarráð

Suðurlands

Ritsmiðja fyrir ungt fólk
Bókasafninu í Hveragerði

4., 11. og 18. október kl. 14-16

Guðrún Eva Mínervudóttir leiðbeinir.

Námskeiðsgjald 5000 kr.

Skráning til 1. október.

Nánari upplýsingar á bókasafninu, s. 483 4531

Liður í Bókabæirnir austanfjalls.

Listakot Dóru opnað á Hvolsvelli

Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir opnar vinnustofu og gallerí að Ormsvöllum 5 á Hvolsvelli þann 28. september nk. Dóra hefur stundað handverk og listiðnað í fjölda ára. Á staðnum verður boðið upp á verk eftir hana auk innrömmunarþjónustu. Þessa dagana er Dóra að vinna í einum hluta þemaverkefnis í málverkum sem nefnast Augnablik á Íslandi. Hún hefur verið að undirbúa það í nokkur ár. Núna er hún að vinna að norður-ljósamálverkum. Hún notar tæknina blautt í blautt. Í tilefni af opnuninni mun

Sólrún Björk myndlistarmaður og kennari vera með sýnikennslu í olíumálun kl. 14:00. Sólrún hefur lært hjá þekktum kennurum í Bandaríkjunum. Hún mun bjóða upp á kennslu í málalistinni og verður hægt að skrá sig á námskeið hjá henni á opnunardeg Listakots Dóru. Þeir sem komast ekki þá geta haft samband við Dóru eða á Facebook-síðu Listakots Dóru. Opnunartími verður miðviku-daga, fimmtudaga og föstudaga kl. 10.00-18.00 nema ef sérstakar upptakomur eða námskeið eru.

Leðurnámskeið í Hveragerði

Helgina 26., 27. og 28. september nk. verður boðið upp á tólf tíma leðurnámskeið í Hveragerði þar sem fólk getur lært að hanna og sauma sína eigin persónulegu tösku úr leðri og/edda roði. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Oddný Runólfssdóttir útstillingahönnuður, en hún er með áralanga reynslu í handverki og hönnun. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband í síma 864 4033 eða í netfangið oddnyrun@internet.is.



Ályktun til stjórnvalda

Báran, stéttarfélag lýsir vanþóknun sinni á því hugarfari sem lýsir sér í flestum þeim aðgerðum stjórnvalda sem snerta almennt launafólk á Íslandi og opinberar, í besta falli algjöra vanþekkingu á kjörum venjulegs fólks.

Það verður ekki lengur við unað að lágláunahópar innan verkalyðshreyfingarinnar beri hitann og þungann af viðreisni efnahagslífsins. Hagsmunagæsla stjórnvalda gagnvart þeim

efnameiri í formi lækkaðra og niðurfelldra skatta eru stjórnvaldsaðgerðir sem ekki eru til þess fallnar að jafna kjörin.

Almennt launafólk á Íslandi er búið að leggja sitt á vogarskálur efnahagsviðreisnarrinnar og hefur borið þær byrðar möglunarlítið meðan ákveðnir hópar samfélagsins hafa komið sér undan því að taka ábyrgð og haldið sínu striki. Ljóst er að nægt fjármagn er til í landinu til að bæta kjör þeirra lægst laun-

uðu. Um það vitna hagnaðartölur fyrirtækja og hækkandi laun stjórnenda þeirra.

Báran, stéttarfélag hvetur stjórnvöld til að setjast niður til heiðarlegra viðræðna um hvernig skipta má lífsgæðum þessa lands á sanngjarnari hátt en nú er.

Selfossi, 19. september 2014
Stjórn Bárunnar, stéttarfélags á Suðurlandi

Tásumotta

Það er auðvitað gott að eiga góða ullarsokka til að ylja sér um tærnar á haust- og vetrarkvöldum. Ef gólf eru köld getur líka verið ótrúlega notalegt að hafa ullarmottu undir iljunum þegar unnið er við borð. Hér er uppskrift af tásumottu úr hosubandi en það er frábært garn frá Ístex sem gott er að vinna úr, slitsterkt, og hefur þar að auki fallegan gljáa.



Efni: Hosuband, svart 2 dk og svart/hvítt 1 dk. Hekluál no 6.
ll = loftlykkja, fl = fastalykkja, st = stuðull

Kúla: *Slá upp á, sækja lykkju milli stuðla* x 3. Þá eru 7 l á nálinni. Hekla lykkju í gegnum allar lykkjurnar, þá eru 2 l á nálinni, sækja l og draga í gegnum þær.

Heklið 43 ll með svörtu.

1. umf: st í 3. ll og síðan st í hverja ll, alls 39 st. Snúa við.

2. – 4. umf: Fyrsti st er gerður þannig: fl í síðasta st fyrri umferðar, 1 ll. Þessi tegund af fyrsta stuðli í umferð er þéttari og líkari stuðli en ef gerðar eru ll í staðinn fyrir 1. stuðul. Síðan st í hvern st fyrri umferðar, alls 40 st þegar 1. st er talinn með. Síðasti stuðullinn er heklaður í ll fyrsta stuðuls síðustu umferðar.

Eftir þetta er 4. hver umferð gerð með kúluhekli og svart/hvítu bandi.

Fyrsta kúlan er hekluð milli 1. og 2. stuðuls fyrri umferðar og síðan í annað hvert bil, alls 20 kúlur.

Næsta umferð byrjar sömu megin og síðasta umferð (svarti endinn er þar). 1. stuðull er gerður í 1. kúluna og síðan 2 st í hvert bil á milli kúlnanna og síðasti stuðullinn í síðustu kúluna. Næstu 2 umferðir heklaðar eins og 2. – 4. umferð.

Þannig er heklað áfram, kúluröð og 3 raðir með stuðlum en endað með 4 röðum af stuðlum.

Kantur er heklaður með svörtu þannig að gerðar eru 2 ll og síðan fl í endastuðul hverrar umferðar á hliðunum og í annan hvern stuðul á endunum. Á hornum er fl hekluð tvisvar í sama gat og 2 ll á milli. Endað er með keðjulykkju og slitið frá. Gengið frá endum. Gott er að þvo mottuna og leggja til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314





ORKA NÁTTÚRUNNAR ER NÚ EINNIG FÁANLEG ÚR ÍSLENSKU ROKI

Við óskum Biokraft til hamingju með vindmyllurnar

Fyrirtækið Biokraft hefur gangsett tvær vindmyllur í Þykkvabæ sem munu skila allt að þremur gígavattstundum á ári, en það jafngildir raforkuþörf um eitt þúsund íslenskra heimila.

Við hjá Orku náttúrunnar erum stolt af því að selja þessa vistvænu orku til neytenda um allt land. Við óskum aðstandendum Biokraft innilega til hamingju með þennan áfanga og hlökkum til áframhaldandi samstarfs og uppbyggingar í framtíðinni.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Umhverfisímynd með heilsu og velferð að leiðarljósi

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, gaf sér tíma sl. föstudag til að setjast niður með ritstjóra Dagskrárinnar og fara yfir helstu verkefni sveitarfélagsins.

Íþróttahúsið stækkað

„Stærsta verkefnið sem er í gangi hjá okkur núna er viðbygging við íþróttahúsið, en það var byrjað á því í vetur. Það er mikil þörf fyrir húsið enda mikið íþróttastarf hérna og því tækifæri til að bæta aðstöðuna. Húsið á að vera tilbúið næsta haust,“ sagði Jón. „Við höfum verið að vinna mikið í deiliskipulagi fyrir Flúðir og nágrenni og þar á meðal miðbæjarskipulag fyrir allar okkar stofnanir. Í framtíðinni vonumst við til að geta byggt íþróttasvæðið meira upp og þá vonandi nýja sundlaug sem yrði hluti af nokkurs konar íþróttamiðstöð. Skipulagið er klárt hvað þetta varðar en við munum vinna áfram í því að hanna og þróa og sjá svo í sparibauknum hvernig þetta lítur allt út.“

Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði

Jón sagði að skipulagsmálin á Flúðum skiptu miklu máli og færu oft saman við atvinnumálin. Þegar nóg væri að gera væri meiri eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. „Það hefur verið nóg að gera og frekar verið skortur á íbúðarhúsnæði hérna. Það skiptir miklu máli að við séum tilbúin að úthluta lóðum og að breyta líka og að koma til móts við þarfir fólks sem vill t.d. geta byggt minni íbúðir. Hér á Flúðum er meiri þörf á minni íbúðum eins og víða.“

Slitlag á íbúðargötur og viðhald

„Við höfum verið í massívu verkefni að koma bundnu slitlagi á allar íbúðargötur á Flúðum. Það klárast vonandi á næsta ári. Við höfum einnig verið að vinna markvisst í viðhaldsmálum hjá okkur og höfum nýtt okkur meðvitað þá fyrirgreiðslu ríkisins að fá virðisaukaskatt af vinnu endurgreiddan. Það eru ansi margar milljónirnar sem hafa komið til baka og hjálpað okkur að gera þetta,“ sagði Jón.

Hugmyndir um styrjueldi

„Það sem skortir hérna er fjölbreytt atvinnulíf eins og víða. Við erum með mjög öflugan landbúnað og matvælaframleiðslu, bæði í garðyrkju og heðföbundnum landbúnaði. Núna eru hugmyndir um fiskeldi mest í umræðunni og má segja að þær hugmyndir falli vel að matvælaframleiðslu okkar. Það eru hugmyndir sem Stolt Sea Farm er með um styrjueldi í sveitarfélaginu. Þetta er mjög flott verkefni í sjálfru sér og mjög spennandi. Þetta er mjög sérstök ræktun á fiski sem þarf að rækta eða ala upp 9–10 ár þangað til að menn geta farið að slátra fisk-



Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps. Ljósmynd: ÖG.

inum og framleiða svartan kavíar. Við viljum meina að okkar auðlindir liggi svoltið í landinu og ýmsum möguleikum eins og köldu og heitu vatni, sagði Jón.“

Nýjungar í ferðaþjónustu

Jón sagði að í ferðaþjónustunni hefðu ýmsir spennandi hlutir verið að gerast. Margir aðilar innan sveitarfélagsins væru að bæta við sig og stækka. „Við erum mjög ánægð með hvað hefur gerst í sumar hjá okkur í sambandi við Gömlu laugina hérna niður í Hvammi. Það er stórsniðugt fyrirtæki sem er búið að fá mikla og verðskuldaða athygli og kemur inn í þessa náttúrulegu flóru okkar. Svo er margt smátt sem getur hjálpað til eins og sú hugmynd að útbúa fót-boltagolfvöll. Það er frábær hugmynd sem hefur virkað. Stundum þarf bara að framkvæma góðar hugmyndir og þetta er ein af þeim. Hún virðist auka afþreyingarmöguleika á svæðinu. Sama má segja um þá litlu hugmynd okkar um frisby-golfvöllinn sem sveitarfélagið blandaði inn í lystigarðinn sem er að verða til hérna á Flúðum,“ sagði Jón.

Samstarf sveitarfélaganna

Sveitarfélögin hér í uppsveitunum eru með mikið samstarf sín á milli. Það er stutt á milli og þetta er í raun allt sama atvinnusvæðið. Menn hafa verið að skoða sameiginleg verkefni sem tengjast skuldbindingum sveitarfélaganna og eru ýmsar skemmtilegar þælingar í gangi. Við höfum verið í fararbroddi með að nýta seyru með ákveðnum

hætti til landgræðslu, þ.e. að plægja hana niður. Nú eru hugmyndir um að fara með þetta á næsta stig sem er að kalka þetta og vinna og nota sem áburð sem má dreifa á yfirborð á vissum svæðum. Þetta er verkefni sem við gætum ekki staðið í einir en getum hæglega unnið með öðrum. Þetta tengist líka sumarbústaðabygðunum hérna og kannski ekki síður í Grímsnesinu og í Bláskógabyggð. Á verkefnaskala sveitarfélaganna er mjög mikil vinna og mikið mál að sinna sorpi og seyru svo vel sé. Við erum sífellt á vaktinni með umhverfismálin og reynum að horfa svoltið fram í tímann og í lausnum þá,“ sagði Jón.

Góð umhverfisímynd

Á sínum tíma voru uppi stórar hugmyndir í sambandi við heilsuþorp á Flúðum sem hefðu passað vel inn í umhverfisímynd sveitarfélagsins. Jón sagði að þær hugmyndir væru ekkert endilega dauðar þó ekki væru miklar líkur á að verkefnið sem lagt var af stað með í upphafi yrði að veruleika. „Þegar menn eru búnir að sá svona frægum þá er aldrei að vita hvað getur komið upp í framtíðinni. Við viljum svoltið markaðsetja okkur sem matvælaframleiðlusvæði með góða umhverfisímynd með heilsu og velferð að leiðarljósi. Við reynum að standa undir því að geta tekið á móti aðilum sem að vilja gera eitthvað sniðugt,“ sagði Jón.

Rýnum aðeins í okkur sjálf

Jón sagði að eitt af stærri verkefnum

sveitarfélagsins um þessar mundir væri verk-efni sem felst í því að vinna svoltið í sjálfs-rýni eða sjálfs-gagnrýni. „Við erum núna í samstarfi við ráðgjafa hjá SASS um að vinna upp atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið. Það er mjög spennandi verkefni að fá utanaðkomandi aðila til að rýna aðeins inn í okkur og skapa ákveðna umræðu í samfélaginu. Við reynum að draga fram kostina og sjá hvar við getum hugsanlega sótt á, hvar við getum bætt okkur og hvar ný tækifæri eru. Við reynum að greina hvernig sveitarfélagið er upp byggt og skoðum alla hluti eins og t.d. gjaldskrármál og slíkt. Það er allt undir í því í sjálfru sér. Með því að greina það gamla og byggja á traustum grunni má oft ná lengra í atvinnusköpun. Það þarf ekki alltaf að kaupa inn stóra hluti heldur er oft betra að þróa þá sem eru til staðar. Fiskeldishugmyndir okkar eru svoltið í þessum anda. Við erum að framleiða matvæli og eignum okkar auðlindir. Í framtíðinni höfum við mikinn áhuga á að nýta lághitann til rafmagnsframleiðslu og verða sjálfum okkur nóg því Hrunamannahreppur og Flúðir eru eitt stærsta lághita-svæði landsins.

Raforkan fer burt úr héraðinu

Ef lítið er á þjórarsvæðið sem heild má segja að stór hluti af rafmagnsframleiðslu landsins komi þaðan. Jón sagði í því sambandi að erfitt væri að horfa upp á að framleiðslan væri öll meira og minna flutt í burtu af svæðinu. „Menn fá ekki nein tækifæri til að byggja neitt upp hérna. Þetta fer allt á önnur svæði. Garðyrkjan virðist ekki fá tækifæri til að framleiða með lýsingu meira en þeir gera í dag. Það er alveg ljóst að það mun verða ákveðin pólitísk gremja á þessum svæðum yfir þessu. Þetta eru takmarkaðar auðlindir líka,“ sagði Jón.

„Okkur finnst ekki sanngjarnt að við séum nýlendusamfélag þar sem allt fer í burtu, bæði rafmagn og sama með ferðamennina. Við erum með þessa stóru ferðamannastaði, en ferðamönnum er bara mokað í rútur úr Reykjavík og þetta veldur okkur bara traðki og ánaud. Þetta eru einhverjir sem gera sér eitthvað úr þessu en það er alveg ljóst að heildaráhrifin og það sem liggur eftir liggur ekkert á þessum svæðum. Svo eru engir peningar til að byggja þetta upp, það situr bara ágóðinn eftir og svo eignum við að redda málunum og erum skammaðir ef hlutirnir eru ekki í nógu góðu lagi. Menn bara mæta á svæðið og halda að allt sé tilbúið. En vissulega eru tækifæri í þessu öllu saman það er ekki það. Þetta er ekkert neikvætt í sambandi við ferðaþjónustuna en það verður að líta á þetta af ákveðinni sanngirni líka,“ sagði Jón.

-Viðtal: Örn Guðnason

Göngum til góðs - landssöfnun Rauða krossins

Dagana 5.–7. september sl. stóð Rauði krossinn á Íslandi fyrir landssöfnun undir yfirskriftinni *Göngum til góðs*. Að þessu sinni var safnað fyrir innanlands-starfi félagsins og má þar nefna ýms félagsleg verkefni eins og heimsóknarvini og fót sem framlag, auk neyðarvarna, áfallahjálpar, skyndihjálparfræðslu og fleiri verkefna.

Söfnunin á svæði Árnesingadeildar gekk vonum framfar, fjöldi sjálfboðaliða tók þátt, sumir fengu verkefni í húsi félagsins á Eyra-vegi 23, svo sem skráningu, vöflubakstri o.fl. Aðrir gengu í hús og óskuðu eftir framlögum og enn aðrir stilltu sér upp í búðum með posa eða bauk.

Forseti landsins, Ólafur Ragnar Gríms-

son, heimsótti deildina að morgni laugar-dags ásamt formanni Rauða kross Íslands, Sveini Kristinssyni. Ólafur voru gefnir þrjón- aðir vettlingar sem Steinunn Hermanns-dóttir þrjónaði. Einnig var honum gefinn kostur á að velja sérstaklega hálsmen fyrir spúsu sína en hálsmenið var hannað af Þórunni Guðnadóttur og er úr vel lesnum og sérvöldum síðum Dagskrárinnar.

Viðtökur almennings við söfnunarfólki voru almennt einstakar og hlýlegar. Þakkar stjórna Árnesingadeildar Rauða krossins öllum þeim sem lögðu lið þennan dag og þeim sem voru aflögufærir. Þess má geta að hver króna skiptir máli í þessum mála-flokki sem endranær,

1.000 krónur gera sko 1000 kall!



Leggjum rækt við okkur sjálf

Í október verðum við áfram með tíma á mánudags-, miðvikudags- og fimmtudagskvöldum kl. 20:15, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.



Á fimmtudagskvöldum verður farið í grunntækni og þekkingu í iðkun Kundalini jóga.

Á mánudögum og miðvikudögum verða tímar fyrir lengra komna og munum við leggja áherslu á orkustöðvar líkamans. Hægt verður að nýta klippikort í alla tímana. Nánari upplýsingar á fésbókarsíðu Jógaloftsins.

*Við tökum vel á móti ykkur,
stelpurnar á Jógaloftinu*

JÓGA
LOFTIÐ

Dior
STAR

DAZZLING IN DIOR.

Þyngdarslaus farði, fullkomin húð, hátt hlutfall af « björtum » litakornum.
Diorskin Star fangar ljómann, jafnar úr litamissum ásamt því að veita húð þinni fullkomna áferð sem endist.
SAMSTUNDIS OG TIL LENGRI TÍMA. GEISLANDI HÚÐ: við ásetningu farða +24% eftir 4 vikur; +50%*.
Einstakur ljóni og fígurð fegurð, skýrari húðlitur dag frá degi.

Sérfræðingur frá Dior kynnir á Snyrtistofu Ólafar nýjan farða **Diorskin Star** ásamt glæsilegum haustlitum **föstudaginn 26. september frá kl. 13 - 17.**

Snyrtistofa Ólafar er eini söluaðili Dior á Suðurlandi, vertu velkomin og fáðu **20% afslátt** af Diorskin Star farðanum á kynningunni. Fallegar gjafir fylgja kaupum á tveimur keyptum vörum í Dior.

Snyrtistofa

www.olof.is

Ólafar

Austurvegi 9
Selfossi
Sími 482 1616

SASS

SPONTA



Námskeið fyrir aðila í ferðapjónustu

SASS í samstarfi við Sponta stendur fyrir námskeiði fyrir aðila sem starfa í ferðapjónustu

Fjallað verður um hagnýtar markaðsaðgerðir, virkni Tripadvisor.com og Facebook. Að námskeiði loknu munu þátttakendur hafa skýr svör við eftirfarandi spurningum:

- Hverjar eru mikilvægustu markaðsaðgerðirnar fyrir mitt fyrirtæki?
- Á hverju byggja aðgerðir sem eru bæði einfaldar og áhrifamiklar?
- Hvernig finn ég tíma til að sinna markaðsmálum?

Markmiðið er að þátttakendur geti strax byrjað að auka sýnileika sinn á netinu, með áherslu á þær umsagnir sem viðskiptavinir veita þeim m.a. Tripadvisor.com.

Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur og hefst þriðjudaginn 7. október með fjarnámi sem undirbúningur fyrir vinnustofu. Þátttakendur fá vikulega send kennslumyndbönd og verkefnablöð. Kennari er Helgi Þór Jónsson, kerfisfræðingur og markþjálfari.

Innifalið í námskeiðinu

- 4 kennslumyndbönd full af fróðleik
- 4 heimaverkefni (ca. 0,5-2 tíma ástundun á viku)
- Hnitmiðuð handbók sem þú sníður að þínu fyrirtæki
- Stuðningshópur á Facebook
- Þjálfun og æfingar á vinnustofum í grennd við þig:
 - Vík í Mýrdal fimmtudaginn 6. nóvember kl. 13-17
 - Höfn í Hornafirði miðvikudaginn 12. nóvember kl. 13-17
 - Selfossi fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13-17

Skráningu lýkur 2. október. Takmarkaður sætafjöldi.

Námskeiðsgjaldið er niðurgreitt af SASS og er því einungis 7.500 kr. Allar nánari upplýsingar og skráning á slóðinni <http://bit.ly/meirisala> eða á skrifstofu SASS, sími 480 8200

**Velkomin á sýningaropnun á Bókasafninu í
Hveragerði
27. september kl. 12 á hádegi**

Prentsmiðjueintök – prentsaga Íslands

Svanur Jóhannesson segir frá söfnuninni, sýningunni, prentgripum og prentsmiðjum.



Menningarráð

Suðurlands

Boðið upp á súpu og brauð.
Allir velkomnir
Liður í „Bókabæirnir austanfjalls“

Heilbrigðisstofnun Suðurlands 10 ára

Hinn 1. september sl. voru liðin 10 ár frá stofnun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) með sameiningu heilsugæslustöðva og sjúkrahúss á Suðurlandi.

Þjónustusvæði hinnar nýju stofnunar náði þá til um 17.000 íbúa á Suðurlandsundirlöndinu. Um var að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi og hjúkrunardeild fyrir aldraða, samtals 55 sjúkrahús og réttar-geðdeild á Sogni í Ölfusi með 7 rými og heilbrigðisþjónustu við fangelsið á Litla Hrauni. Alls voru um 200 stöðugildi hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Hinni nýju Heilbrigðisstofnun Suðurlands var ætlað að styrkja heilbrigðisþjónustuna á Suðurlandi og gert var ráð fyrir að einstakir þættir hennar yrðu eflir. Með sameiginlegri stofnun gafst tækifæri til að jafna vaktatíðlag starfsmanna stofnunarinnar. Einnig varð meiri samvinna meðal starfsmanna og stoðþjónusta eflist. Samnýting rekstrarþátta skapaði möguleika til hagkvæmari reksturs og til varð öflugri rekstrareining, nýir áherslupættir og betra starfsumhverfi.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafði það meginmarkmið að ná fram jákvæðum áhrifum með því að starfrækja heilbrigðisþjónustuna á Suðurlandi í einni heilsteyptri stofnun. Stofnunin hefur staðið fyrir fundum um heilbrigðismál á Suðurlandi, tekið þátt í ýmsu starfi með stjórnmöldum, sinnt kennsluþjónustu heilbrigðisstétta o.fl. Stofnunin hefur haft náið samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir, m.a. við LSH varðandi samtengingu sjúkraskrákerfa.

Haustið 2004 var boðið út verk við nýja byggingu við heilbrigðis-

stofnunina á Selfossi og framkvæmdir hófust í nóvember það ár. Var þar um að ræða nýtt húsnæði fyrir hjúkrunardeildina Ljósheima, sem hafði verið starfrækt í gamla sjúkrahúsinu við Austurveg frá árinu 1984. Einnig var þar gert ráð fyrir nýju og stærra húsnæði fyrir heilsugæsluna á Selfossi. Á seinni stigum var ákveðið að bæta einni hæð, 3. hæð, við bygginguna, þar sem hjúkrunardeildin Fossheimar er nú. Nýja húsnæðið var tekið í notkun á árunum 2008-2010. Við það fjölgaði hjúkrunarplássnum úr 26 í 40 og heilsugæslan fékk mun stærra húsnæði, auk þess sem aðstaða fyrir ýmsa stoðþjónustu batnaði verulega.

Í byrjun árs 2006 tók HSu við sjúkraflutningum í Árnæssýslu, sem sýslumannsembættið hafði annast í tæp 50 ár. Þar með voru allir sjúkraflutningar á þjónustusvæði stofnunarinnar á hendi HSu. Til að leysa húsnæðisþörf fyrir sjúkrabíla og sjúkraflutningamenn tók HSu þátt í undirbúningi að byggingu Björgunarmiðstöðvar á lóð stofnunarinnar. Björgunarfélag Árborgar byggði húsnæðið, en HSu leigir húsnæði fyrir sjúkraflutninga. Brunavarnir Árnæssýslu eru einnig með aðstöðu í húsinu og er núverandi eigandi þess.

Miklar náttúruhamfarir á Suðurlandi á árunum 2008-2010 reyndu mikið á starfsmenn og starfsemi stofnunarinnar eins og á aðra á Suðurlandi. Þá komu ekki síst í ljós kostir þess að til staðar var ein öflug heilbrigðisstofnun á Suðurlandi. Auðvelt var að styrkja þjónustu þar sem þörfin var mest, starfsfólk fór á milli starfsstöðva og tók þátt í þjónustu gagnvart íbúum á vettvangi, sem og í almannavarnarstarfi.

Magnús Skúlason

Höfundur er fyrrv. forstjóri HSu



Efnahagshrunið haustið 2008 hafði mikil áhrif á stofnunina eins og allt þjóðfélagið. Fjárveitingar til stofnunarinnar lækkuðu mikið og því þurfti að draga útgjöld verulega saman. Haft var að leiðarljósi að verja þjónustuna eins og kostur var. Tókst það að mestu leyti, en einnig urðu töluverðar breytingar á þjónustunni og á ýmsan hátt til styrkingar.

Við áföll síðustu ára hefur verið leitast við af fremsta megni að verja þjónustuna og aðlag hana breyttum aðstæðum. Rekstur stofnunarinnar er í jafnvægi og stofnunin hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi, að nánast ávallt hefur verið hægt að ráða starfsfólk í þær stöður, sem lausar hafa verið hverju sinni. Stofnunin hefur notið velvilja íbúa svæðisins og fengið mikið af gjöfum frá samtökum, fyrirtækjum og íbúum svæðisins. Hafa þessar gjafir nánast álfarið staðið undir endurnýjun á tækjum og búnaði stofnunarinnar og tryggt nauðsynlega framþróun.

Nú eru aftur tímamót í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. HSu verður áfram til, en frá 1. október 2014 í nýju hlutverki, þar sem starfssvæði hennar nær einnig yfir núverandi starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands á Hornafirði og Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf sl. 10 ár.

Magnús Skúlason, forstjóri.



Vantar öflugt starfsfólk á fastar vaktir, 100% vinna og aukavinna, kvöld og helgar.
- Mjög góð laun í boði.

Upplýsingar á staðnum,
Austurvegi 46, 800 Selfossi.
Við hliðina á KFC

Umhverfisráðherra skipar nefnd um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Umhverfisráðherra átti fund með sveitarstjórn Skaftárhrepps 8. ágúst sl. Þar tilkynnti hann um áform sín um að skipa nefnd sem fjalla eigi um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Óskaði ráðherra jafnframt eftir því að sveitarstjórn tilnefndi tvo fulltrúa í nefndina. Sveitarstjórn sammæltist um að tilnefna oddvita og sveitarstjóra í nefndina.

Í nefndinni sitja Silja Dögg Gunnarsdóttir alþingismaður, form. nefndarinnar, Vilhjálmur Árnason alþingismaður, Hjalti Þór Vignisson formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, Eva Björk Harðardóttir oddviti Skaftárhrepps og Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps. Þetta kemur fram í fundargerð Skaftárhrepps frá 9. sept. sl.

-ög



Brugðió á leik við myndatöku Karlakórs Selfoss sl. vor, en alla jafna eru söngmenn ekki með símann í vinnunni.

Karlakór Selfoss að hefja vetrarstarfið

Vetrarstarf Karlakórs Selfoss hefst formlega mánu dagskvöldið 29. september nk. kl. 20:00. Þá verður fyrsta æfing haldin í sal Karlakórsins að Eyravegi 67.

Komandi starfsár verður viðamikilið því Karlakór Selfoss mun fagna 50 ára afmæli í mars 2015. Á þessari fyrstu æfingu vetrarins verður söngskrá afmælisársins kynnt, en laga-valsnefnd kórsins hefur sett saman metnaðarfulla dagskrá,

þar sem mörg af stórverkum íslenskrar karlakórátónlistar verða tekin til flutnings, í bland við léttara efni.

Karlakórinn hefur starfað af miklum þrótti mörg undanfarin ár og rúmlega 70 söngmenn hafa stundað æfingar. Á hverju starfsári kemur kórinn víða fram, við-amestir eru vortónleikarnir ár hvert og jólatónleikar á aðventu, og mjög færast í vöxt að kórinn sé pantaður á hvers kyns manna-mót, afmæli og við jarðafara-söng. Fastur æfingatími er á

mánudagskvöldum kl. 20:00 til 22:30 og æft er í sal kórsins að Eyravegi 67. Nýliðar eru að sjálfsögðu velkomnir og verður vel tekið á móti þeim. Þeir sem hyggjast ganga til liðs við kórinn eru beðnir að mæta klukkustund fyrir á mánudagskvöldið, eða kl. 19:00, en þá fara fram raddprufur, þ.e. hvort menn eru tenórar eða bassar.

Stjórnandi Karlakórs Selfoss er Loftur Erlingsson og undirleik annast Jón Bjarnason. Formaður kórsins er Gísli Á. Jónsson. VB:



BÆNDUR OG AÐRIR SAUÐFJÁREIGENDUR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

LÖGSMÖLUN FER FRAM
LAUGARDAGINN
27. SEPTEMBER NK.

ATH.

ÖLLUM LANDEIGENDUM/UMRÁÐA-MÖNNUM LANDS ER SKYLT AÐ SMALA HEIMALÖND SÍN,

samkv. 3. gr. laga um afréttarmál og fjallskil o. fl. nr. 6/1986 og 28. og 41. gr. Fjallskilasamþykktar fyrir Árnæssýslu austan vatna, frá 10/6 1996.

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG



Tilkynning frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Bólusett verður gegn árlegri influensu sem hér segir:

Heilsugæslustöð Selfoss: 30. sept. til 6. okt. á milli kl. 8 og 9 og kl. 13 og 14, ekki þarf að bóka í tíma.

Heilsugæslustöð Hveragerðis: Vinsamlega bókið tíma í síma 480 5250 eftir 29. sept.

Heilsugæslustöð Þorlákshafnar: Vinsamlega bókið tíma í síma 480 5240.

Heilsugæslustöð Laugarási: Vinsamlega bókið tíma í síma 480 5300.

Heilsugæslustöð Rangárpings: 29. sept. - 3. okt. á milli kl. 13 og 14. Ekki þarf að bóka í tíma.

Heilsugæslustöð Víkur: Vinsamlega bókið tíma í síma 480 5340.

Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklausturs: Vinsamlega bókið tíma í síma 480 5350.

Bólusetning gegn influensu er sérstaklega fyrir alla 60 ára og eldri, börn og fullorðna sem þjást af langvinnnum sjúkdómum og þungaðar konur.

Einnig er minnt á bólusetningu gegn lungnabólgu-sýkingu.



Jón Lárusson og Guðrún H. Vilmundardóttir útskrifuðust úr Gilwell-skólanum.

Gilwell-skátum Fossbúa fjölgar

Á dögnum útskrifuðust þau Guðrún H. Vilmundardóttir og Jón Lárusson úr Gilwell-skólanum en í honum fer fram leiðtogaþjálfun á vegum skátanna. Þar með hafa fjórir Fossbúar náð þessum áfanga á árinu. Ekki nóg með það heldur hafa þeir Fossbúar til viðbótar hafið þessa þjálfun.

Heima er best



17% afsláttur
SS rífsberjalegin helgarsteik
2798 kr. kg
verð áður 3398



33% afsláttur
4 stykki í pakka!
Góða hamborgarar, 4 stk. m/brauði
799 kr. pk.
verð áður 1198



23% afsláttur
First Price mini Naan hvítlauksbrauð, 4 stk. í pk.
199 kr. pk.
verð áður 259.



23% afsláttur
SS skinka, 232 g
429 kr. pk.
verð áður 559.



35% afsláttur
Rifinn ostur, mozzarella- og gratinostur, 200 g
359 kr. pk.



20% afsláttur
Hleðsla íþróttadrykkur, jarðarberja eða kókos og súkkulaði, 250 ml
225 kr. stk.



16% afsláttur
Íslensk paprika
798 kr. kg
verð áður 998.



16% afsláttur
Gul epli
329 kr. kg
verð áður 394.



36% afsláttur
LU kex, 4 tegundir
369 kr. pk.



14% afsláttur
Stjörnu Partý Sourcream & Peppery, 170 g
399 kr. pk.



4% afsláttur
Coca-Cola, 2 l
299 kr. stk.
verð áður 349.



Sjá opnunartíma á www.kjarval.is

Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar



Snjómokstur í verktöku

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem haldinn var 16. september sl. var samþykkt að ganga til viðræðna við Stráid ehf., Sandlækjarkoti, og Georg Kjartansson, Ólafsvöllum, um endurnýjun samnings um snjómokstur í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra var falið að annast viðræðurnar fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fyrir liggur vilji Vega-gerðarinnar til að endurnýja samninginn.

Komdu í heimsókn!



Við leitum að hæfileikaríkum leiðsögumanni til starfa

Arcanum ferðapjónusta Mýrdalsjökli, sem sérhæfir sig í jöklaferðum, óskar eftir því að ráða starfskraft til lengri eða skemmri tíma.

Starfið felst í leiðsögn í ferðum Arcanum, ásamt öðrum tilfallandi störfum innan fyrirtækisins.

Meginhluti starfsins felst í stuttum ferðum, svo sem vélsleðaferðum og jeppaferðum. Starfið hentar vel þeim sem finnst gaman að umgangast fólk og vilja njóta útiveru.

Lágmarksaldur er 20 ára. Reynsla í fjallamennsku og starf innan björgunarsveita er kostur ásamt því að meirapróf er nauðsynlegt fyrir akstur. Einnig er gerð krafa um mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum og enskukunnáttu.

Fyrir nánari upplýsingar hafið samband í síma 4871500 eða á netfangið info@arcanum.is

TRS ehf. hlýtur ISO vottun

TRS ehf. á Selfossi hefur fengið vottað og staðfest að öryggisstjórnkerfi fyrirtækisins samræmist alþjóðlega ISO/IEC 27001:2013 upplýsingaöryggisstaðlinum.

Vottunin felur í sér formlega viðurkenningu á því að upplýsingaöryggi TRS sé stjórnað samkvæmt ákveðnum ferlum og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð í hvívetna. Vottunin tryggir enn fremur stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum fyrirtækisins. Vottunin nær til stjórnkerfis upplýsingaöryggis, kerfa,



Gunnar Bragi Þorsteinsson frá TRS (til vinstri) tekur við ISO vottuninni frá Árna H. Kristinssyni frá BSI.

hug- og vélbúnaðar, hýsingar- og rekstrarþjónustu, sem rekin er á búnaði í eigu TRS og staðsett er í skilgreindum starfsstöðvum félagsins.

Úttekt á öryggismálum TRS var og er í höndum BSI - British Standards Institution, sem tók út og rýndi vinnulag, ferla og virkni kerfa hjá TRS. BSI mun síðan að lágmarki einu sinni á ári, framkvæma úttekt og rýni á öryggisstjórnkerfinu.

Aðdragandi að vottun TRS ehf. hefur verið nokkur, en undanfarin misseri hefur verið unnið ötullega að rýni, endurskoðun og uppsetningu ferla, rýma og kerfa. Þessi vinna hefur verið unnin af starfsmönnum TRS ásamt ráðgjöfum.

Með ISO 27001 vottun er TRS að tryggja sess sinn á meðal helstu upplýsingatækni- fyrirtækja landsins. Viðskiptavinir sem nýta sér þjónustu TRS, skapa sér því sérstöðu hvað varðar öryggi sinna gagna, kerfis- og skýjaþjónustu.

Hýsingarsalur TRS er mjög tæknilega fullkominn og uppfyllir ströngustu öryggisstaðla og kröfur um uppitíma. Fjöldi fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga hýsa gögn sín hjá TRS, hvort sem um er að ræða miðlæg kerfi, vefsíður eða skjöl af margvíslegu tagi. TRS rekur jafnfram umfangsmikla kerfis- og skýjaþjónustu sem m.a. samanstendur af því að þjónusta aðila í upplýsinga- og tæknimálum í víðu samhengi.



Fyrstu nemendur Skógaskóla við steininn sem þau gáfu til minningar um Jón Jósep Jóhannesson, kennara og skógræktarfrömuð.

Fyrstu nemendur Skógaskóla gáfu minningarstein

Ísumar komu saman fyrstu nemendur Skógaskóla og settu niður stein sem þau gáfu til minningar um Jón Jósep Jóhannesson, kennara og skógræktarfrömuð.

Skógrækt í Skógum hófst vorið 1950 fyrir tilstuðlan Jóns Jóseps Jóhannessonar kennara, en hann var lengi ritari Skógræktarfélags Rangæinga og vann við skógrækt á Hallormsstað mörg sumur á árunum 1951–1979. Jón skrifaði árið 1955 grein í Ársrit Skógræktarfélags Íslands þar sem hann gerir grein fyrir aðstæðum og skógræktarstarfinu fyrstu fimm árin. Þar segir m.a.:

„Hér á Skógaheiði hefur orðið mikil eyðing lands, graslendi minnkar stöðugt og stór moldaröf teygja sig allt niður í brúnirnar fyrir ofan skólann. Úr þessum rofum fýkur mjög er vindur leikur af norðri og gerir loft

óholtt mönnum og málleysingjum. Þetta var ein ástæða þess að skóggæðslutilraunir voru hafnar hér í Skógum og hafa nemendur unnið að þeim í einn eða tvo daga á vorin...“

Árið 1999 var gerður samningur við Skógræktarfélag Rangæinga um umsjón með skóginum í samráði við Skóga-safn. Var hluti skógarins þá grísaður og lagður svokallaður Þrasastígur sem liggur um Kinn neðan úr Kjallaragili upp í efri hluta Réttargils. Fyrir tilstuðlan verkefnisins Opins skógar og styrktaraðila þess var ráðist í miklar endurbætur á stígakerfi og nýjar gönguleiðir opnaðar auk þess sem settar hafa verið upp trjámerkingar, áningarstaðir og skilti um merka staði. Þrasastígur og Vargaslóð eru talsvert á fótinn sem og leggurinn áleiðis upp á Skógaheiði en aðrar leiðir ættu að vera greiðfærar flestum.

Septembertónleikar í Selfosskirkju

Sunnudaginn 28. september kl. 20.00 hefjast loka-tónleikar á árlegum Septembertónleikum kirkjunnar. Jörg E. Sondermann, organisti Selfosskirkju leikur verk eftir Johann Gottfried Walther, Dietrich Buxtehude og Johann Sebastian Bach. Aðgangur er ókeypis. Eftir tónleika verður boðið upp á kaffi og meðlæti í safnaðarheimili Selfosskirkju.

Félag eldri borgara í Hveragerði

Fimmtudagsspjall verður hjá Félagi eldri borgara í Hveragerði kl. 10:00 alla fimmtudaga í vetur. Þann 2. október mætir Guðbrandur Bogason formaður Ökukennarafélags Íslands, 9. október, Jóna Valgerður, formaður landssambands eldri borgara, 16. október mun Hlíf Sigríður Arndal fjalla um bóka-bæina austanfjalls og þann 30. október kynnir Svanur Jóhannesson nýja bók sína Prentsmiðjueintök. Félagið minnir á kvikmyndasýningu fyrsta mánudag í mánuði kl. 20:00, fyrst 6. október. Framsögn og leikræn tjáning verður á miðvikudögum kl. 19:00 og skemmtikvöld síðasta föstudag hvers mánaðar, fyrst 26. september.

Vetrarstarf Leikfélags Selfoss

Leikfélag Selfoss hélt árlegan haustfund sinn þann 17. september sl. þar sem dagskrá vetrarins var kynnt. Laugardagskaffið hófst 20. september og verða fram að áramótum. Þar getur fólk kíkt í kaffi og spjall frá 11:00-13:00 í leikhúsið, hvort það er til að ræða um leikhúsmál eða bara eitthvað annað.

NEATA stuttverkahátíð verður haldin í Mosfellsbæ þann 4. október og fara tvö verk frá Leikfélagi Selfoss þar til sýninga. Fulltrúar okkar eru ungir og efnilegir leikarar sem fara með verk sem þeir hafa sýnt áður á Hugarflugi.

Hugarflug verður haldið um mánaðamótin október-nóvember, en þar er opinn vettvangur fyrir fólk að mæta og koma með eigin verk eða taka þátt með öðrum. Þar er einnig hægt að syngja, dansa, fara með ljóð, sögur eða gamanmál.

Ný heimasíða leikfélagsins (www.leikfelagsselfoss.is) var sett í loftið og hefur hún að geyma allar helstu upplýsingar um félagið, fréttir og verkefni þess undanfarin misseri.

Kynnt var til sögunnar höfundakvöld, en þar geta áhugasamir komið saman og hitt aðra sem vilja prófa að skrifa leikverk eða sýna tilbúin verk. Umsjónar-



Bróðir minn Ljónshjarta var verkefni Leikfélags Selfoss á síðasta leikári.

maður kvöldanna verður Jónheiður Ísleifsdóttir og verður fyrsta kvöldið fimmtudaginn 25. september.

Í undirbúningi hefur verið að hittast í leikhúsinu og syngja saman gömul og ný leikhúslög. Núna er loksins komið að því að þetta verði að veruleika. Þarna verður hist og haft gaman yfir lögunum sem flestir þekkja.

Að lokum var tilkynnt um uppsetningu vetrarins. Leikstjórinn Jón Stefán Kristjánsson hefur verið ráðinn til starfa en hann leikstýrði m.a. Með vífið í lúkunum. Stefna er sett á að setja upp gamanleikrit og byrja æfingar strax eftir áramótin.

Einnig komu hugmyndir frá gestum í sal um námskeið í sögugerð og frásögn og hvort fólk vildi hittast og leiklesa einhver verk og þá jafnvel „leika“ útvarpsleikrit. Þessar hugmyndir verða að sjálfsögðu skoðaðar og reynt að koma þeim við eins og hægt er. Stjórnin var einmitt mjög ánægð með hversu margir létu sjá sig og með þann fjölda fyrirspurna sem komu úr salnum.

Greinilegt er að fólk hlakkar til að byrja og nóg verður að gera fyrir alla. Allir þessir viðburðir verða svo auglýstir nánar um leið og þeir nálgast á dagatali.

Atvinna

Starfsmaður óskast í afgreiðslu í bakaríi. Vinnutími frá 12:30 – 18:00 virka daga og önnur hver helgi. Uppl. á staðnum.

Altíð nýbakað
GUÐNABAKARÍ
Austurvegi 31b - Selfossi

Parf ekki að fylla á kistuna fyrir veturinn?

Við tökum að okkur alla vinnslu á kjöti fyrir einstaklinga.

Kjötið er unnið algjörlega eftir þínum óskum og pakkað í neytendaumbúðir.

Magn kjöts í hverjum pakka fer eftir því sem þér hentar, miðað við þína fjölskyldu.

Við leggjum metnað í faglega vinnslu og góðan frágang. Það er ekki ónýtt að eiga smá kjöt í frystinum.

Krás
KJÖTVINNSLA
SELFOSSI

Sími 482 3560 netfang: kras1@simnet.is



Auglýsing

Um tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands Tryggvagötu 25, Selfossi

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands Tryggvagötu 25 Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands að Tryggvagötu 25 Selfossi. Um er að ræða breytingu á skipulagi útivistar- og íþróttasvæði Selfoss frá 1990.

Fyrirhugað er að stækka og bæta aðstöðu til verknáms og var í því samhengi efnt til samkeppni árið 2012 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að Fjölbrautaskóla Suðurlands. Deiliskipulagsbreyting þessi byggir á tillögu sem varð hlutskörpust í samkeppninni og Tark – Teiknistofan Arkitektar, er höfundur að.

Helstu breytingar frá fyrra skipulagi eru þær að í stað stakstæðrar byggingar er nú gert ráð fyrir viðbyggingu við verknámshúsið Hamar. Nýtingarhlutfall lóðarinnar var ekki tilgreint í fyrra skipulagi en verður eftir breytingu 0,3.

Aðkoma og bílastæði meðfram Tryggvagötu breytast og er ekki lengur gert ráð fyrir gegnumakstri framhjá Odda, nema fyrir neyðarakstur. Fjöldi bílastæða á fyrra skipulagi er 268 en fjölga í 293 eftir breytingu.

Teikningar ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 25. september 2014 til og með föstudeginum 7. nóvember 2014.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 7. nóvember 2014 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

Aðalfundur

Garðyrkjufélags Árnesinga verður haldinn miðvikudaginn 8. október, næstkomandi, klukkan 20.00 að Austurvegi 56, Selfossi, (þriðju hæð til hægri).

Á dagsskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf; eins mun Guðríður Helgadóttir (Gurrý) vera með erindi.

Kaffiveitingar á staðnum.
Félagar eru hvattir til að fjölmenna.
Aðgangur ókeypis.

Hveragerði
Selfoss
Eyrbakki
Stokkseyri

Bóka- bæirnir austanfjalls

Verið velkomin á viðburði í tengslum við stofnun Bókabæjanna:

- 25. sept. kl. 18 verður erindi í Bæjarbókasafni Ölfuss um „Lestrarfélag Þorlákshafnar veidistöðvar.“
- 27. sept. kl. 12 opnar „Prentsmiðjufafnið mitt“, prentgripasýning Svans Jóhannessonar á Bókasafninu í Hveragerði.
- 5. okt. kl. 14 verður ljóðadagskrá í Rauða húsinu á Eyrbakka á vegum Konubókastofu.
- 11. október fögnum við stækkun á Bókakaffinu á Selfossi og bjóðum hverskyns ritföng og fleiri vörur á tilboði.

Stofnfundur Bókabæjanna

Allir velkomnir

Formlegur stofnfundur Bókabæjanna austanfjalls verður haldinn í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands laugardaginn 27. september kl. 14.

Ljódalestur

Ávarp forseta Íslands:

Herra Ólafur Ragnar Grímsson

Bókabæir í alþjóðlegu samhengi:

Richard Booth frumkvöðull og konungur Hay-On-Wye

Tónlist:

Nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga

Bókabæirnir austanfjalls:

Rannveig Anna Jónsdóttir forstöðumaður Konubókastofu

Hlé - léttar veitingar í boði Bókabæjanna

Ávarp ráðherra:

Sigurður Ingi Jóhannsson fyrsti þingmaður Suðurlandsdæmis

Kveðja frá Rithöfundasambandi Íslands:

Kristín Helga Gunnarsdóttir formaður RSÍ

Tónlist:

Nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga

Bókabæir frá sjónarhóli rithöfundar á Bakkanum

Guðmundur S. Brynjólfsson

Lokaávarp:

Aldis Hafsteinsdóttir bæjarstjóri



Auglýsing

Um tillögu að deiliskipulagi við útilistaverkið Kríuna milli Stokkseyrar og Eyrbakka

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi við útilistaverkið Kríuna sem staðsett er í landspildunni Hraunlist, skammt frá gatnamótum Stokkseyrar- og Eyrbakka-vegar.

Landspildan sem Kríun stendur á nefnist Hraunlist, en landskiki sá er um 13,7 ha að stærð og tekur til svæðis kringum listaverkið og einnig tjörnina austan og sunnan þess. Skipulagssvæðið er hinsvegar um 5,4 ha. og nær einungis niður að vatnasvæði tjarnarinnar, eins og sýnt er á uppdrætti.

Ráðgert er að gera nýja aðkomu og bílastæði sem mun tengjast Gaulverjabæjarvegi (33) með að- og frárein. Þar er gert ráð fyrir a.m.k. 6 bílastæðum, þar af einu sérmerktu hreyfihömluðum, ásamt plássi fyrir fólksflutningabíla. Bílastæðin verða við veginn, en þó utan helgunarsvæðis hans.

Frá bílastæðunum kemur u.þ.b. 200 m langur og 2,5m breiður göngustígur að listaverkinu. Við listaverkið er svo ráðgert að koma upp hellulögðu áningarsvæði skv. nánari umhverfisskipulagi og listaverkið verði upplýst. Einnig er hugmynd að gera minni stíga innan trjáræktarreiðsins og koma upp grasflötur dvalar og leikja.

Teikningar ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 25. september 2014 til og með föstudeginum 7. nóvember 2014.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 7. nóvember 2014 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar



Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO



Olísdeildin er hafin

Keppni í Olísdeildinni í handbolta hófst á laugardag þegar Selfyssingar heimsóttu Fram í Framhúsið í Safamýri.

Það var við ramman reip að draga og unnu Framarar öruggan tólf marka sigur 33-21 eftir að staðan í hálfleik var 18-10.

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir var langatkvæðamest Selfyssinga með 14 mörk, Carmen Palamariu skoraði 4, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 2 og Elena Birgisdóttir 1 mark.

Næsti leikur er á heimavelli gegn FH á þriðjudag, kl. 19:30.

Öruggur sigur Selfyssinga

Strákarnir okkar í meistara-flokki í handbolta spiluðu sinn fyrsta leik á tímabilinu um seinustu helgi. Leikurinn, gegn Hömrúnum, var á heimavelli og vannst góður sigur 29-20.

Næsti leikur er á heimavelli gegn Víkingum á morgun kl. 20:00 í íþróttahúsi Vallaskóla.

Stelpurnar eru óstöðvandi

Stelpurnar sóttu FH heim í Kaplakrika á mánudag. Það var nokkurt jafnræði með liðunum til að byrja með en að endingu unnu Selfyssingar öruggan 4-1 sigur.

Eva Lind Elíasdóttir skoraði tvö marka Selfoss og þær Guðmunda Brynja og Krístrún Rut Antonsdóttir hvor sitt markið.

Fyrir lokaumferðina í Pepsi-deildinni eru stelpurnar í fjórða sæti með 29 stig.

Þér er boðið á völinn

Stelpurnar okkar ljúka leik í Pepsi-deildinni í knattspyrnu þegar þær taka á móti Val á JÁVERK-veginum kl. 14 á laugardag. Þær bjóða öllum stuðningsmönnum sínum nær og fjær á leikinn og er þetta sérstakur þakklætisvottur frá stelpunum fyrir þann stuðning sem þær hafa fengið í sumar.

Þjálfararáðstefna Árborgar 2014

Skráningu lýkur í dag

Þjálfararáðstefna Árborgar verður haldin í Sunnu-lækjarskóla, Selfossi á föstud. og laugard.

Fyrirlesarar eru Ingi Þór Einarsson kennari við HÍ, Reynar Kári Bjarnason frá Líf og sál, Silja Úlfarsdóttir, einka-þjálfari og afrekskona í frjálsum, Gunnar Magnússon, þjálfari ÍBV og aðstoðarlandsliðsþjálfari í handbolta og Margrét Lára Viðarsdóttir, landsliðskona.

Skráning og nánari uppl. eru hjá Gissuri framkvæmdastjóra Umf. Selfoss á netfangið umfs@umfs.is eða í síma 894 5070.



Laugarvatn Fontana auglýsir eftir starfsmanni í eldhúsi.

Um framtíðarstarf er að ræða með möguleika á framtíðarráðningu og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Í starfinu felst meðal annars umsjón með kaffihúsi, bakstur og matreiðsla.

Við leitum að hugmyndaríkum og jákvæðum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum og á gott með að vinna með öðru fólki. Unnið er á vöktum.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október.

Umsóknir sendist á siggi@fontana.is

eða í pósti á:

Laugarvatn Fontana

Hverabraut 1

840 Laugarvatn.

Frekari uppl. veittar í síma 663 9400

LAUGARVATN
fontana

Lokahóf knattspyrnumanna

Lokahóf yngri flokka hjá knattspyrnudeildinni fer fram laugardaginn 27. sept. Það verður fjölskylduhátíð á JÁVERK-veginum, sem hefst með grillveislu kl. 12:00.

Veittar verða viðurkenningar fyrir árangur sumarsins í 3.-6. flokki auk þess sem allir iðkendur í 7. flokki fá óvæntan glaðning.

Slúttið í Hvíta húsinu

Síðar um kvöldið fagna meistaraflokkur og 2. flokkur góðum árangri ásamt stuðningsmönnum sínum á Hvíta húsinu.



Austurvegi 6, 3h, Selfossi
Fax 482 4848 · www.arborgir.is

Óskar Sigurðsson hrl. | Þorsteinn Magnússon
lögildur fasteignasali | lögildur fasteignasali



Vallarland - Selfossi. Skemmtilegar íbúðir í nýrri raðhúsallengju sem er að rísa í Vallarlandi á Selfossi. Endaíbúðirnar eru 131 m² með bílskúr en miðjuíbúðirnar eru 82 m² bílskúrlausar. Afhending í mars 2015. **Verð frá 10.950.000 kr.**



Úthagi - Selfossi. Talsvert endurnýjað einbýlishús í grónu hverfi á Selfossi. Fjögur herbergi, baðherbergi nýtt, rúmgóður skúr. Skipti möguleg á eign á höfuðborgarsvæðinu. **Verð 25,9 millj.**



Lyngheiði - Hveragerði. Gott og mikið endurnýjað einbýli í grónu hverfi. Nýlegar innréttingar, fjögur svefn. herbergi. Fæst gegn yfirtöku áhvílandi lána frá ÍLS auk sölukostnaðar.



Grafhólar - Selfossi. Snýrtilegt og fullbúið raðhús í eftirsóttu hverfi. Þrjú herbergi, góður skúr, sól-pallur. **Verð 29,5 milljónir.**



Hellatún - Ásahreppur. Parhús sem þarfnast standsetningar og endurbóta á fallegum stað í Ásahreppi. Tvær íbúðir, 67,8 m² og 86,6 m², hitaveita, 500 m² eignarlóð. **Verð 9,9 millj.**



Seljavegur - Selfossi. Mikið endurnýjað einbýli í grónu hverfi. 5 herb., góður sól-pallur, gróin lóð, stutt í alla þjónustu. Skipti möguleg á eign á höfuðborgarsvæðinu. **Verð 37 millj.**



Norðurtröð - Selfossi. Ágætt hesthús á Selfossi. Húsið er fyrir 10 hesta og eru innréttingar í ágætu ásigkomulagi. Hlaða og hnakkageymsla eru innst í húsinu. **Verð 3,8 millj.**

BÍLAR

KLETTUR
Bífreidaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bífreidda og almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFÖSSI



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Dáleiðsla - heilsuráðgjöf - nudd - svæðanudd

Svæðanudd, nudd, augnlestur, heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en með dáleiðslu má m.a. finna rót heilsuvandamála, aðstoða fólk við að hætta að reykja, bæta árangur á mörgum sviðum, upplifa brot úr fyrri æviskeiðum, vinna að æskilegri líkamsþyngd og margt fleira. Vinn einnig með kenningar Edgars Cayce um grunn góðrar heilsu með hollu mataræði, með líkamsrækt og jákvæðu hugarfari. Bókanir í síma 898 1501.

Heiðar Ragnarsson,
Heilsulindinni, Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Sími 696 1752

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16
Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið).
Nánari upplýsingar coda.is.

AA
Fundir alla miðvikudaga kl.
19:30.

Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is

Þórhallur verður með einka-
fundi 4. október.
Opíð hús verður 6. og 20.
október.
Opinn bænahringur verður 7.
og 21. október.
Uppl. og tímapantanir í síma
861 2150.

Sálarrannsóknarfélagið
Austurvegi 26, Selfossi
(bak við pósthúsið)



HÚSNÆÐI Í BODI

Til leigu
raðhús á tveimur hæðum, 3
svefnherb. á Selfossi. Leiga
140 þús. á mán. fyrir utan
rafmagn og hita. Áhugasamir
hafi samband í síma 896 0764
e. kl. 18.

Til leigu í Hveragerði
3-4 herb. íbúð. Laus strax.
Leiga 110 þús. á mán. með
hita. Uppl. í síma 897 2681.

ÞJÓNUSTA



Sveinn Skorri Skarphéðinsson
Sími 893 0422
sveinnskorri@gmail.com

X5

Persónuleg þjónusta

Bílaviðgerðir

Hjólbarðasala

Hjólbarðaðþjónusta

Gagnheiði 34 S : 893-3305



Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 – maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Launavinnsla
Reikningaskrif**

**Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat**
Persónuleg þjónusta



KJARNA-BÓKHOLD
Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarne@centrum.is

**Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.**

Ráð í rekstri !

• STEYPUSÖGUN • KJARNA-
BORUN • INNRÖMMUN
• TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM •
Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.
Opíð frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ÞJÓNUSTA

Eru meindýrin að
angra þig?



Sími: 892 0502

Gunnar Þór Hjaltason,
meindýraeyðir, Bjarnastöðum, Ölfusi

Geymsla á fellihýsum,
tjaldvögnum, hjólhýsum og
húsbílum. Tek að mér viðgerðir
á öllum kerrum.
Uppl. í síma 892 9825.

BARNAGÆSLA

Dagforeldri
Er með laust pláss í dag-
gæslunni. Hef öll leyfi. Er á
Selfossi. Uppl. í síma 848 6829
- Guðrún.

KIRKJUR

Kálholtskirkja
Guðspjónusta 28. sept. kl. 14.00
og aðalsafnaðarfundur.

Selfoskirkja
Messa og sunnudagaskóli kl.
11. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir
þjónar. Kór Selfoskirkju
syngur undir stjórn Jörgs
Sondermann. Súpa og brauð í
safnaðarheimilinu að messu
lokinni. Kl. 20: Orgelstund.
Jörg Sondermann leikur á
orgelið. Sjáumst í kirkjunni!
Miðvikudagur 1. október:
Foreldramorgunn kl. 10.30-12.
Anna Guðríður Gunnarsdóttir
kemur með fræðslu um svefn
og svefnvenjur ungbara. Allir
foreldrar velkomnir með
börnin sín.

Villingaholtskirkja
Guðspjónusta kl. 13.30. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.
Söngkór Villingaholts- og
Hraungerðissókna leiðir
sönginn undir stjórn Inga
Heiðmars. Allir velkomnir -
sjáumst í kirkjunni!

Oddakirkja
Guðspjónusta sunnudaginn
28. september kl. 11:00.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag 28.
september kl. 14.00. Sr.
Kristján Valur Ingólfsson,
Skálholtsbiskup, annast
prestspjónustuna. Organisti er
Jón Bjarnason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
www.selfosgospel.is
Sunnudaga kl. 11:00 - Sam-
koma, barnapössun og kaffi-
veitingar.
Mánudaga kl. 20:00 - Celebrate
Recovery 12 spora fundir. Opn-
ir fyrir alla. www.celebrate-
recovery.is.
Fimmtudaga kl. 18:00 - Bæna-
stund.
Fimmtudaga kl. 19:00 - Alfa
námskeið.

**Stóra-Dalskirkja undir
Eyjafjöllum**
Guðspjónusta nk. sunnudag
kl. 14:00. Organisti er Guðjón
Halldór Óskarsson. Félagar úr
kirkjukór Eyfellinga leiða
sönginn. Fjölmennum.



Hreyfivika í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið Árborg tekur þátt í hreyfivikunni
eða MOVE WEEK dagana 29. sept. – 5. okt.

Ýmsir viðburðir og tilboð verða í gangi í
sveitarfélaginu í tilefni af vikunni

Pri. 30. sept. kl. 20:00 – Fríða Rún Þórðardóttir,
næringarfræðingur með fyrirlestur um næringu
og almenna heilsu í íþróttahúsinu IÐU á Selfossi.

Frískir Flóamenn hlaupa frá Sundhöll Selfoss
þri. og fim. kl. 17:15 og á laugardag kl. 10:00.
Nýliðar sérstaklega velkomnir í hópinn. Ekkert
mál að byrja.

**Líkamsræktarstöðvar og ýmsar verslanir á
Selfossi verða með tilboð:**

- Frítt í Sportstöðina alla vikuna og sérstakt
tilboð í vildarklúbbinn eða 5.500 kr. á mán.
- Lifandi hús og Danssport með kynningardag
lau. 4. okt. kl. 10:00 – 14:00.
- Intersport, Efnalaug Suðurlands og Skóbúð
Selfoss Sportbær með tilboð á ýmsum
íþróttavörum.

Íbúar eru hvattir til að huga vel að heilsunni
þessa viku sem aðrar og um að gera að nýta t.d.
hjólið áfram þótt það sé að koma haust.

Fylgist nánar með á www.arborg.is
og á facebook.



Gámasvæðið
við Víkurheiði á Selfossi verður lokað
laugardaginn 27. september vegna
haustferðar starfsmanna.

Framkvæmda- og veitusvið



FROST mark ehf.
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
GLUGGAR • HURÐIR • DNKRÉTINGAR
STOFNAD 1973
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is



Undirbúningshópur að stofnun bókabæja austanfjalls: Dorothee Lubecki, R. Anna Jónsdóttir, Bjarni Harðarson, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Arný Leifsdóttir og Hlíf Arnald.

Stofnfundur Bókabæjanna austanfjalls

Undirbúningshópur að stofnun Bókabæjanna austanfjalls hefur verið að störfum síðan síðastliðið sumar. Við höfum hist reglulega á fundum, spáð og spekúlað. Í maí sl. fórum við síðan í ferð til Noregs, Englands og Skotlands til að kynna okkur starfsemi bókabæja þar. Sautján bókabær eru til viðsvegar um heiminn. Næstkomandi laugardag verður stofnfundurinn haldinn í sal Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi kl. 14. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Við erum svo heppin að sjálfur konungurinn kemur. En það er Richard Booth sem skipaði sjálfan sig sem konung yfir bókabænum sem hann stofnaði í Hay-On-Wye í Wales 1977. Þetta er bókabær á stærð við Hveragerði með 24 bókabúðir og 30 gististaði. Kóngurinn, eins og hann er alltaf kallaður á meðal bókabæjafólks

í heiminum, mun taka til máls. Forseti Íslands og aðrir góðir gestir munu einnig koma fram.

Í tengslum við stofnfundinn verða eftirtaldir viðurðir: 25. september kl. 18 verður erindi í Bæjarbókasafni Ölfuss um „Lestarfélag Þorlákshafnar veiðistöðvar“. 27. september kl. 12 opnar „Prentsmiðjusafnið mitt“, prentgripasýning Svans Jóhannessonar í Bókasafninu í Hveragerði. Sama dag kl. 16 opnar í Listasafni Arnesinga sýningin „Umrót - Íslensk myndlist um og eftir 1970“ m.a. með fjölda bókverka. 5. október kl. 14 verður ljóðadagskrá í Rauða húsinu á Eyrarbakka á vegum Konubókastofu. 11. október fögnum við stækkun á Bókakaffinu á Selfossi og þar verða hvers kyns ritföng og fleiri vörur á tilboði.

Bókabæjaverkefnið mun verða kynnt á stofnfundinum. Einnig verður hægt að skrá sig

sem stofnfélaga, bæði sem einstaklingur og sem fyrirtæki. Við ætlum að skapa lifandi og áhugaverða bókabæi með íbúum þessara þriggja sveitarfélaga sem eru Arborg, Hveragerði og Ölfus.

COUNTRY TRAIL
776-0810
Leigubíll
Flúðir ■ Reykholt ■ Árnes ■ Geysir Úthlíð ■ Borg ■ Brautarholt
HALLDÓR
SÍMI: 776 0810 OG 783 1224

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FASTEIGNAVIDHALD
Viðhald og nýsmíði fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga, sumarhúsaeygndur og aðra fasteignaeigendur
Trésmíði innan- og utanhúss
* Móttauppsláttur * Málingarvinna
* Steypuvinna * Gluggaskipti
* Múrviðgerðir * Glerskipti
* Pakviðgerðir * Almennar raflagnir
* Bæðherbergisviðgerðir * Flisalagnir
Myglusveppagreining og greining á öðrum vandamálum
Stjörnumót ehf.

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
TOYOTA
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

GLUGGAR
Gluggar • Útihurðir • Sérsmíði
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkluggar.is | gkluggar@gkluggar.is

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

HREINGERNINGAÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppebreinsun, teppabreinsun, bön, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Hreint um allt Suðurland

FYLGD
Útfararþjónusta
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is

Raf- og Kæliþjónustan ehf.
Sími 692 4649
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
• Ísskápa- og vöðgerðir
• Almennar raflagnir

FRÓN
heittasti tónlistar- & næsturklúbbar á Íslandi
Fim. BJÓRþingó með Sigga Sól hefst kl 22:00! Glæsilegir vinningar eins og vanalega! Spjald og iskaldur á 1.000.-
Fös. Eyþór Jóns a.k.a Kletturinn þeytir skífum. Einfaldur í gos á 1.000 alla nóttina.
Lau. Kiddi Ghost hinn sunnlennski sjármör spilar töfrandi tóna og Frón býður þér töfrateppi á 1.000 alla nóttina.
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

VÖRUFLOTNINGAR
Reykjavík - Árnæssýsla
Sækjum vörur í Reykjavík.
Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
Vörumóttaka - Héðinsgata 1-3
Nesfrakt

LJÓSMYNDASTOFA SUÐURLANDS
PASSA MYNDIR
Eyravegur 38
sími: 4821766
FILMVERK

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800
Opið allan sólarhringinn um helgar

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Josera. super premium gæludýrafóður
Fæst hjá **BYKO** Selfossi